

Skýrsla tölvudeildar FSu 2012-2013

Kerfisstjóri: Ragnar Geir Brynjólfsson
Aðstoðarkerfisstjóri: Helgi Hermannsson
Þjónustustjóri: Kristín Runólfsdóttir

Yfirlit:

Tölvuþjónusta

Aðstaða tölvuþjónustu

Staðsetning tölvukerfis

Yfirlit yfir netþjóna

Breytingar og uppfærslur á netþjónum

Netkerfi

Símkerfi

Internet samband - þráðlausir sendar

Forritun og tengingar

Öryggishandbók og öryggisstefna

Leyfamál og hugbúnaður

Fartölvur og vagnar

Viðhald fartölvu

Fartölvukaup á árinu

Fartölvur fyrir starfsfólk

Borðtölvur 1) Stofa 303, 2) Bókasafn, 3) Tölvur á skrifstofu og í löðu

Skjávarpar og önnur tæki

Endurmenntun, ráðstefnur

Námskeið og kynningar

Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 8 sinnum í viku, 75 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Passað er uppá að hafa einn þjónustutíma í hverjum stokk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá netsamband og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur. Lykilorð í Innu og Moodle voru þó nokkurt vandamál og var mikil þjónusta í kringum það. Á töflu á jarðhæð skólans er tölvuþjónustan með pláss þar sem upplýsingar um t.d. fríar vírusvarnir, ritvinnsluforrit, o.fl. er að finna. Fjöldi nemenda er nú með farsíma sem þau koma með í tölvuþjónustuna og fá skráða á netið.

Mikið er að gera fyrri hluta anna, sérstaklega að hausti þegar nemendur koma með nýjar fartölvur og kennarar með tölvur sem þarf að líta á eftir sumarfrí. Kennarar leita eftir ýmiskonar aðstoð bæði er varða kerfismál, notkun hugbúnaðar, gagnavistun, Moodle notkun, uppsetningu á hugbúnaði og vegna bilana og vírusa í fartölvum. Smávægileg vandamál með fartölvur kennara eru yfirleitt leyst samdægurs.

Eins og áður hrundu nokkrar fartölvur vegna kerfisbilana, bæði tölvur af vögnum og kennaratölvur. Þessar tölvur voru enduruppsettar. Einnig eru notaðir varahlutir úr eldri vélum þegar þess þarf. Kennarar fá lánaðar fartölvur meðan þeirra eru í viðgerð ef þeir óska eftir því.

Allar fartölvur kennara eru innkallaðar til eftirlits einu sinni á skólaári. Allflest starfsfólk sinnir tilmælum um að koma með fartölvur í eftirlit.

Vandamál varðandi innskráningu í Innu og Moodle hafa verið áberandi í vetur. Aðgangsorð allra notenda að Innu er nú kennitala og skólaaðgangsorð alveg úr sögunni. Inna var oft að biðja notendur að skipta um lykilorð og var það ferli mikið að vefjast fyrir nemendum. Einnig það að ný lykilorð virkjast ekki í Moodle og á skólatölvur fyrr en næsta dag. Sömu nemendur komu margoft og var leyst úr þeirra málum á staðnum en sömu vandamál komu aftur upp. Í ljós kom t.d. að vandamál voru með lykilorð nemenda sem skráðir voru í aðra skóla í fjarnám. Smátt og smátt fækkaði þessum málum en komu þó upp alveg fram yfir prófatíma.

Alltaf er einhver aðstoð við Moodle kennsluferfið og mál sem þarf að leysa. Kerfið var uppfært í 2.3. um áramót og gengu þau skipti hnökralítið fyrir sig. Kennarar afrita og flytja sjálfir áfangana sína yfir í nýja kerfið. Gekk það áfallalítið fyrir sig. Kerfisstjóri hefur forskráð áfanga með samkeyrslu við Innu. Þannig þurfa kennarar ekki að skrá inn nemendur í áfangana. Kennarar ákveða hvort þeir kjósa að vera með svokallaða metaskráningu eða nota tilbúnu námskeiðin sem verða sjálfvirk til við samkeyrslu við Innu. Ákveðinn hópur kennara er mjög fær en gera þyrfti átak í að fjölga þeim kennurum sem nýta kerfið. Æskilegt væri að halda námskeið í upphafi og/eða lok annar og þyrfti þá að ná til þeirra sem lítið eða ekkert eru að nota kerfið. Það er áhyggjuefni þegar nýir kennarar sjá ekki hag í því að nota Moodle.

Alltaf er eitthvað er um útköll vegna erfiðleika við að tengja skjávarpa við fartölvu. Þetta eru tilfallandi atvik sem gjarnan lagast við endurræsingu skjávarpans eða tölvunnar. Einnig er algengt að kennarar þurfi aðstoð við að koma myndbandssýningu af stað í skjávarpa. Þessum tilfellum fækkar þó eftir því sem reynslan eykst.

Póstlisti starfsfólks er á Google og hefur reynst vel. Kerfisstjóri hefur umsjón með honum.

Á vorönn var lögð fyrir alla nemendur skólans könnun á verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli á vorönn 2013*. Könnunin var sett upp í Moodle kerfinu þar sem allir nemendur höfðu aðgang að henni í umsjónaráfanga. Moodle stenst þær kröfur sem gerður eru til áhalda sem nýtt eru til kannana, t.d. er hægt að hlaða niður gagnaskrá með niðurstöðum til nákvæmrar greiningar og könnunin er með öllu órekjanleg til þátttakenda. Aðstoðarkerfisstjóri sá um uppsetningu og vinnu við könnunina.

Starfsfólk tölvuþjónustu (kerfisstjóri, aðstoðarkerfisstjóri og þjónustustjóri) situr fundi stýrihóps (innan skólans) í upplýsingatækni sem haldnir eru aðra hverja viku á miðvikudögum. Þessa fundi sitja einnig skólameistari, áfangastjóri og/eða valstjóri og forstöðukona bókasafns. Þessir fundir eru vettvangur til miðlunar upplýsinga, skoðanaskipta og lausna sem tengjast tölvukerfinu, Moodle, Innu, bókasafnskerfum, könnunum, o.fl..

Í lok haustannar var lögð fyrir kennara könnun um Moodle notkun. Þátttaka var dræm innan við 50%, 43 kennarar af tæplega 90 svöruðu. Af þeim sem svöruðu voru 4 sem ekki notuðu Moodle fyrir nemendur. Fram kom í könnuninni að kennarar vildu námskeið í Moodle.

Aðstaða tölvuþjónustu

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir kerfisstjóra og þjónustustjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fer að mestu fram í aðstöðu í kjallara, Laup.

Loftræstingu vantar í Laupinn. Öll tæki þarf að bera þangað niður og þaðan upp því ekki er hægt að flytja þau á vagni vegna staðsetningarinnar. Af þessum sökum og vegna þrengsla er Laupurinn ónothæfur til að taka fartölvuvagna í gegn t.d. á annarmótum. Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Aðstöðu til þessara verka þyrfti því að taka til endurskoðunar. Suð frá tækjum/viftum í stofu 306B er nokkuð og þyrfti að bæta úr því. Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum. Einn sími er í stofu 306. Þráðlaus sími sem upphaflega var í stofunni hefur verið bilaður í mörg ár þannig að ekki næst í þjónustu þegar verið er að sinna málum utan stofu 306B. Aðstöðuna í stofu 306B þyrfti því að laga og aðlaga að því að taka á móti fjölda nemenda eins og gerist á hverri önn. Eins og staðan er núna er þar t.d. ekki skrifborð eða móttökuborð og standa þeir sem þjónusta á í kringum starfsfólk og sjá það sem fram fer á skjánum en þar eru stundum viðkvæmar upplýsingar sem heppilegra er að færri sjái en fleiri.

Á vorönn hefur verið rætt um að flytja tölvuþjónustuna í lðu, í aðstöðu sem Fræðslunetið hafði til umráða. Þar eru netþjónar skólans staðsettir í kældri geymslu og væri til mikils hagræðis að fá þá aðstöðu fyrir tölvuþjónustuna. Bæði er þar nóg vinnupláss, þægileg aðstaða til að taka við nemendum, læstir skápar til að geyma tölvur í og netþjónar við höndina þannig að ekki þarf að hlaupa yfir í næsta hús til að endurræsa eða vinna við þá. Starfsfólk tölvuþjónustunnar fagnar því að fá þessa aðstöðu. Hins vegar ber að líta til þess að stofa 306B nýtist ekki fyrir aðra starfsemi þar sem þar er tengiskápur með svissum í og hávaði sem ekki er boðlegur í vinnuaðstöðu.

Staðsetning tölvukerfisins

Tölvukerfi FSu er staðsett í Odda, lðu og Hamri, auk sambands með leigulínu við nemendagarða í Fosstúni.

Yfirlit yfir netþjóna

Netþjónar í tölvugeymslum FSu eru sem stendur 9. Þeir eru:

- (1) Þjónn sem keyrir Vmware kerfi sem keyrir Ubuntu Linux sýndarþjón fyrir Moodle kerfið og vef FSu: HP rekkajónn keyptur sumarið 2011. Nafn: fsu4.
- (2) Þjónn með Ubuntu Linux kerfi sem keyrir eldvegg, netsíu, gagnagrunn, vefsel og radius þjón, IBM rekkajónn keyptur haustið 2007. Nafn: fsu13.
- (3) Microsoft aðalþjónn fyrir innranet FSu frá IBM keyptur haustið 2007. Nafn: fsu.local.fsu.is

(4) Annar Microsoft þjónn (til vara fyrir Active Directory) sem er samsett tölva frá Tölvulistanum líklega frá 2006. Sá þjónn keyrir forrit sem samkeyra Innu og Moodle. Nafn: fsu7i.fsu.is

(5) Windows 2008 þjónn, sem stýrir símkerfinu, úthlutar SolidWorks heimildum og keyrir einnig skjásýningarforrit. Þessi þjónn er Dell tölva keypt sumarið 2008. IP tala 172.16.0.150.

(6) IBM þjónn frá 2006. Hann keyrir Asterisk símkerfi sem sett var upp á skólaárinu til reynslu. IP tala: 172.16.2.1.

(7) Supermicro rekkabjónn, keyptur sumarið 2011 sem keyrir eldvegg, netsíu, gagnagrunn, vefsel og radius þjón. Nafn: fsu12.

(8) IBM þjónn frá 2004. Keyrir Pfsense eldvegg sem þjónar Solidworks heimanotendum og VPN notendum en VPN þjónusta var sett upp á skólaárinu.

(9) IBM borðtölva staðsett í kjallara Odda. Hún keyrir Pfsense eldvegg sem stýrir umferð sem kemur í gegnum leigulínuna frá Fosstúni.

Breytingar og uppfærslur á netþjónum

Hvað uppfærslur varðar þá er helst þörf á að uppfæra annan hvorn Windows þjónanna og hugsanlega taka annan úr notkun til að spara rafmagn. Þjónn númer 3 verður 6 ára á árinu og gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar samnýtt gagnadriif, útprentun og möguleika á afritun vinnugagna kennara. Á honum eru núna í maí 2013 einungis laust 55 gígabæta diskrymi og innra minni er aðeins 4 GB. Kennarar nota gagnasvæðin á honum fyrir afritun og ljóst er að ekki er hægt að koma til móts við afritunarþarfir starfsmanna á viðunandi hátt með jafn litlu diskrymi. Huga þarf að endurnýjun og uppfærslu netstýrikerfisins úr Windows 2003 í nýjstu útgáfu, en líklega er heppilegast að fara í þá breytingu þegar nýr þjónn verður keyptur. Þjónn 4 (vara Windows þjónn) er aðeins með 4GB innra minni og litlu diskrymi. Líklega er hægt að skipta um þennan vélbúnað án þess að kosta jafn miklu til og gert var 2007 í raunvirði, t.d. með vali á ódýrari búnaði.

Netkerfi

Tveir nýir svissar voru keyptir fyrir netkerfið í stað tveggja sem teknir voru úr notkun. Megin tengibreitti netsins eru í kjallara Odda þar sem ljósleiðarasambandið kemur inn, í tölvuklefa í lðu og í stofu 306B. Í Odda er staða tengimála þannig að í eldri hluta byggingarinnar sem tekin var í notkun 1987 vantar tölvulagnir. Það mál hefur verið leyst í brýnum tilfellum með aukasvissum og framlengingarspottum sem hafa verið festir með lausum listum utan á veggj til dæmis í Forsæti, vinnustofu kennara, og á kaffistofunni Bollastöðum. Af þessum sökum eru nokkrir undirsvissar í þessum hluta byggingarinnar. Í hlutanum sem tekinn var í notkun 1994 er ástandið betra og eru flest tæki beintengd. Þessi hörgull á netsambandi í Odda gæti orðið áþreifanlegri þegar og ef skipt verður yfir í IP símkerfi. Víða í byggingunni eru þráðlausir sendar staðsettir í gluggakistum eða uppi á bókahillum og er brýnt að bæta úr þessu með því að skrúfa búnaðinn fastan eða búa betur um hann, eins og sjá má í nýlegri öryggisúttekt. Netsamband húsanna þriggja er í gegnum ljósleiðara en sá búnaður er farinn að eldast og er sambandið milli húsanna 100 mbits/sek vegna þess að endabúnaður ljósleiðaranna styður ekki meiri hraða. Með því að skipta um endabúnað og í sumum tilfellum svissa væri hægt að tengja húsinn saman með 1000 mbits/sek. sambandi og mynda þannig öflugt innanhússburðalag fyrir netið. Einnig þarf að huga að því að kaupa svissa sem styðja straumgjöf yfir netkapalinn en slíkt getur komið í góðar þarfir ef t.d. IP símar verða teknir í notkun.

Símkerfi

Sl. vetur komu í ljós ágallar á símsstöð skólans sem lýsa sér í því að þegar hringt er inn kemur sónn líkt og sími hringi og enginn svari þegar síminn er í raun á tali. Ítrekað hefur verið óskað eftir úrbótum á þessu við þjónustuaðila símsstöðvarinnar en það hefur ekki borið árangur. Símsstöðin er komin til ára sinna og þó hún hafi þurft tiltölulega litla þjónustu þá er sú þjónusta aðkeypt og hvert viðvik er reiknað og gjaldfært. Síðla vetrar hefur kerfisstjóri unnið að þarfagreiningu fyrir símkerfi skólans og athugað möguleika á uppfærslu símkerfisins. Það er sem stendur byggt að mestu upp af línutengdum analog símtækjum sem hafa takmarkaða möguleika. Þráðlaust kerfi símsstöðvarinnar er takmarkað og ekki í takt við þróun sem orðið hefur á þessu sviði. Verið er að skoða möguleika sem í boði eru bæði hvað varðar leyfisskyldar símsstöðvar og einnig opna símkerfið Asterisk sem er ókeypis kerfi með mikla útbreiðslu. Það hefur t.d. verið notað í FG í nokkur ár með góðum árangri.

Internet samband – þráðlausir sendar

Nemendum býðst þráðlaus Internet tenging í skólanum. Stór hluti nemenda kemur í tölvuþjónustuna til að skrá fartölvur, spjaldtölvur og farsíma á netið til að tengjast Internetinu. Reyndar hafa nemendur möguleika á að gera þetta sjálfir gegnum vefsíðu tölvuþjónustu en margir koma eftir aðstoð.

Leigulína leysti þráðlaust samband við Fosstún af hólmi á haustönn 2012. Þráðlaus útisendir á austurenda Odda var einnig tekinn úr notkun. Ástæða þess að bæði þessi þráðlausu sambönd voru tekin úr notkun var að netsambandið í gegnum þau var orðið lélegt og í raun ónothæft.

Í maí 2013 er fjöldi skráðra þráðlausra senda í skólanum 84 (fjölgun um 14 frá í fyrra). Þeir eru í Odda, lðu, Hamri og einn er í Fosstúni. Elstu sendarnir eru frá árinu 2000, 4 stykki. Nokkrir erfiðleikar og kvartanir vegna lélegs þráðlauss sambands komu upp á haustönn og var brugðist við því með kaupum og uppsetningu nýrra D-link senda frá Advania. Í sparnaðarskyni hefur sá háttur verið hafður á að bregðast við kvörtunum um lélegt samband og reyna að bæta úr í stað þess að skipta gömlum eða lélegum tækjum út á kerfisbundinn hátt.

Forritun og tengingar

Forrit sem les saman Moodle og Innu (InnaSync) og var þróað í FSu haustið 2008 er í notkun en þarfnast breytinga vegna stefnu Advania (áður Skýrr) að hætta að senda út lykilorð með vefþjónustum eins og tíðkast hefur síðastliðin 5 ár. Forrit sem les saman Innu og Microsoft þjóna (WinnaSync) og var einnig þróað við FSu haustið 2008 er í notkun en þarfnast sömu breytinga vegna lykilorðastefnu Advania. Forrit sem fylgist með tækjum á Innraneti (LanMonitor) sem einnig var þróað við FSu er enn í notkun og nýtist við vöktun á nettengdum tækjum í FSu. Skólinn fékk leyfi til að nota teikniforritið Solidworks án endurgjalds og var heimildarþjónusta komið fyrir á netþjóni nr. 5. Forritið var síðan sett upp á tveim fartölvum starfsmanna og 20 tölvum í stofu 303. Það krefst Windows umhverfis.

Öryggishandbók og öryggisstefna

Öryggishandbók fyrir tölvukerfið hefur þróast áfram. Viðræðum við tölvumann á Selfossi um að taka að sér að vera vara-kerfisstjóri hefur ekki verið haldið áfram. Honum hefur verið kynnt meginuppbygging skólakerfisins og hann veit hvar kerfishandbókin er geymd. Hættur vegna gagnaleka og gagnaöryggi voru kynntar á kennarafundi við upphaf haustannar og var tekin upp sú stefna að dulrita trúnaðarupplýsingar. Starfsmenn eru reglulega áminntir um að taka afrit af gögnum og uppfæra vírusvarnir. Afrit er tekið miðlægt af gagnasvæðum Windows þjónsins (nr. 3) og af áföngum Moodle kerfisins og komið fyrir á flakkara. Það fyrirkomulag þyrfti að endurskoða. Ef Windows þjónn verður uppfærður þá verður einnig hægt að nota hann sem afritunarþjón. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu tók að sér að gera úttekt á tölvuöryggismálum skólans síðasta haust og sendi mann á svæðið til að kanna aðstæður en hefur ekki enn skilað skýrslu.

Leyfamál og hugbúnaður

Microsoft leigusamningur var endurnýjaður til eins árs og þurfti í þetta skiptið að greiða fyrir afnot 97 starfsmanna af Microsoft búnaði. Leiguformið hefur í för með sér að skólinn tvíborgar kerfi, þ.e. þegar fartölva er keypt fylgir með henni Windows kerfi en síðan greiðir skólinn einnig fyrir afnot af leigukerfi. Hafa ber í huga að sammingsupphæðin er bundin gengi erlends gjaldmiðils og eru þetta vísbendingar um að eignarleyfisform geti verið heppilegra sammingsform þegar til lengri tíma er lítið. Fleiri atriði benda til hagkvæmni Linux kerfa og LibreOffice eins og t.d. að það er fljótlegra að setja Linux kerfi upp frá grunni heldur en Microsoft kerfi. Við uppsetningu Linux kerfisins fylgir LibreOffice sjálfkrafa með innsetningunni og því þarf ekki að leggja vinnu í að setja það upp sérstaklega eins og þarf að gera við Microsoft Office, ennfremur þarf ekki að kosta til sérstakra vírusvarna í Linux tölvum. Afritun stýrikerfa með diskklónun eins og nú er gert við Windows kerfin gæti því orðið minni ef fleiri Linux kerfi væru notuð á skólatölvunum. Með eignarleyfum er einungis greitt fyrir þau eintök forrita sem verið er að nota og í því tilfalli á skólinn kerfin og þarf ekki að borga árlega leigu af þeim. Skólinn hefur ennþá formlega ekki tekið upp þá stefnu að nota opinn hugbúnað þar sem ekki er þörf á að kaupa búnað. Starfsmenn eru því flestir að nota Microsoft Office skrifstofuhugbúnaðinn þó að í sumum tilfellum gæti LibreOffice pakkinn líklega nýst viðkomandi. Í þessu samhengi er útkaupsleið úr Microsoft leigusamningi valkostur sem þarf að athuga vandlega. Eintök af leyfis skyldum hugbúnaði, eins og Microsoft Office, yrðu þá aðeins keypt þar sem sýnt væri fram á nauðsynlega þörf.

Fartölvur og vagnar

8 fartölvuvagnar hafa verið í notkun þetta skólaárið.

Vagn 1 (2. hæð) og vagn 2 (stofa 104) eru báðir með 8 HP Compaq s6720 fartölvum, sem keyptar voru sumarið 2008 og hafa reynst vel. Eitthvað hefur verið kvartað yfir hægagangi í þeim. Vinnsluminni í þeim er lítið, aðeins 1gb en til þess að auka afköst þeirra mætti bæta þær með aukaminni þannig að þær verði allar 2gb. Nýtt kerfi er sett á þessar tölvur í maí 2013. Fartölvuvagnar 3 (lða), 4 (2.hæð), 5 og 6 (stofa 306b) eru með 5 fartölvum hver (reyndar aðeins fjórar á vagni 4 þar sem ein skemmdist á vorönn). Á haustönn voru nýuppfærðar eldri fartölvur settar á þá; Lenovo T61 vélar og HP Compaq nx6535. 20 fartölvur af gerðinni Thinkpad R50e voru við þetta teknar úr notkun.

Fartölvuvagn 7 (stofa 200) er nú með 6 Toshiba Satellite u400 fartölvum sem keyptar voru haustið 2010 (upphaflega voru þær 8 en tvær fartölvur eru með ónýta skjái).

Í Hamri, verknámshúsi, er fartölvuvagn 8 með fimm Toshiba Satellite C660 fartölvum sem keyptar voru 2011.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Lenovo Thinkpad SL520 fartölvum. Notkun á fartölvuvögnum er mikil og þeir bókaðir meira og minna alla daga vikunnar.

Viðhald fartölva

Alltaf þarf eitthvað að endurnýja af hleðslutækjum fyrir fartölvur enda mikið af tölvum sem komnar eru til ára sinna og starfsfólk oftast mikið á ferðinni með fartölvurnar.

Ekki hafa verið keyptar rafhlöður í vetur en 3 stk. sem hefur nú verið úthlutað voru til frá fyrri önn. Stefnan er sú að kaupa ekki nýjar rafhlöður fyrr en sú fyrri tekur enga hleðslu. Passa þarf alveg sérstaklega vel uppá hleðslu á rafhlöðu eftir að fartölvur hafa ekki verið notaðar í einhvern tíma. Þá þarf að hlaða þær áður en kveikt er á þeim. Kennurum hefur verið sendur póstur um þetta reglulega. Alltaf þarf að gera ráð fyrir einhverjum rafhlöðukaupum þar sem þær hafa einungis ákveðin líftíma og eiga til að bila fyrirvaralaust. Eins ár ábyrgð er á rafhlöðum.

Ein nýleg fartölva kennara datt í gólfið og skemmdist. Ákveðið var að láta gera við hana. Tvær fartölvur af vögnum skemmdust en ekki talið raunhæft að gera við þær.

Á haustönn voru keypt 25 hulstur utan um fartölvur kennara og var þeim úthlutað til þeirra kennara sem þess óskuðu. Jafnframt var ítrekað við kennara að fara ekki með fartölvur óvarðar um ganga skólans.

Fartölvur fyrir starfsfólk

Umræða um tölvur starfsfólks er stöðugt í gagni. Á haustönn var ákveðið að kennarar þyrftu að vera í 75% starfshlutfalli til að fá tölvu frá skólanum. Einnig var ákveðið að stefna að því að starfsfólk með fasta vinnuástöðu fengi borðtölvur, ekki fartölvu. Varðandi óhöpp var ákveðið að skemmdir á fartölvum starfsfólks sem verða utan skólans séu á ábyrgð starfsmanns.

Á stefnuskrá fyrra árs var að skipta út HP Compaq nx3265 fartölvum kennara sem eru orðnar meira en 5 ára. Nú eru allir þessir kennarar komnir með nýjar fartölvur nema tveir, annar var í námsleyfi á skólaárinu og hinn er með fasta vinnustöð og óskar ekki eftir nýrri fartölvu.

Fartölvukaup á skólaárinu

Í janúar 2012 voru keyptar 16 Lenovo Thinkpad E520 fartölvur fyrir kennara .

Í lok maí voru keyptar 11 fartölvur af gerðinni Thinkpad E520. Í júlí voru síðan keyptar 15 Lenovo Thinkpad E530. Um 11 stk. af þeirri gerðinni hefur ekki verið úthlutað til kennara.

Í maí 2012 var aukið minni í Lenovo Thinkpad T61 fartölvum úr 1gb í 2gb. Um 30 stk. T61 fartölvur eru enn í notkun og er svo komið að þessar vélar þyrftu meira minni til að vinna vel. 4 GB vinnsluminni kostar nú í kringum 6000 kr. og þyrfti að athuga með að kaupa nokkur slík ef kennarar eiga að nota þessar fartölvur áfram næsta skólaár, en þær verða 6 ára í sumar.

Borðtölvur

Stofa 303

Vorið 2012 voru keyptar 2 öflugar margmiðlunartölvur með stórum skjá til að nota í KOK áföngum. Þær voru fluttar tímabundið út í stofu 3 í lðu. Hugmyndir um að skipta stofu 303 upp og hafa vinnuaðstöðu í enda hennar hafa verið lagðar til hliðar enda veitir ekki af stofuplássinu til kennslu í fjölmönnum TÖL-áföngum.

Bókasafn

Á bókasafni eru 10 tölvur. Tvær voru settar upp með Ubuntu stýrikerfi til reynslu.

Tölvur á skrifstofu og í lðu

Tvær tölvur á skrifstofu voru endurnýjaðar, smíðaðar úr íhlutum, hjá aðstoðarskólameistara og Ingu Magnúsdóttur. Aðrar tölvur eru farnar að eldast og ber á hægagangi. Þær eru allar IBM tölvur og ekki hægt að endurnýja vélbúnað, eingöngu auka minni og hreinsa til.

Skjávarpar og önnur tæki

Engir skjávarpar voru keyptir þetta árið en 3-4 þurfa endurnýjunar við sem fyrst. Engar myndavélar keyptar. Vantar sárlega góða vél í kvikmyndatöku og aðra ódýrari fyrir kennara að grípa, t.d. í lífsleiknikennslu.

Endurmenntun, ráðstefnur

Þjónustustjóri sótti námskeiðin Moodle 2 og Netlausnir, sem haldin voru af 3F og SEF, síðasta sumar.

Þjónustustjóri sótti nokkrar ráðstefnur á skólaárinu:

- 1) Skólaping Epli.is miðvikudaginn 20. febrúar í Norðlingaskóla. Þar var fjallað um notkun spjaldtölva í kennslu og reynslu skóla af því.
- 2) Skólaráðstefnu Microsoft 2013 sem haldin var í samvinnu við Advania, Nýherja og Opin Kerfi, miðvikudaginn 20. mars á Grand Hótel. Þar var fjallað um hugbúnaðarlausnir og tækninýjungar fyrir skólaumhverfið.
- 3) Ráðstefnu Nýherja og IBM um tölvuöryggi, miðvikudaginn 8. maí. Þar var fjallað um þær ógnir sem steðja að netþjónum og tölvum almennt og þær lausnir sem IBM er stöðugt að þróa.

Kerfisstjóri og þjónustustjóri eru skráðir á námskeiðið *Tölvuleikjaforritun fyrir framhaldsskólakennara* sem haldið er í samstarfi SKEMA og Opna háskólans í HR, 7. - 11. júní.

Eins og fram kemur í fyrri ársskýrslum þyrfti þjónustustjóri að sækja námskeið í stýrikerfum Windows til þess að vera betur í stakk búinn að vinna við uppsetningar og stillingar.

Aðstoðarkerfisstjóri sótti 3 daga e-twinning námskeið í Prag og tveggja daga námskeið um vefi ríkisstofnana í Reykjavík.

Þjónustustjóri fer í námsleyfi næsta skólaár og mun að líkindum sinna endurmenntun á einhverjum þeim sviðum sem tengjast starfinu.

Námskeið og kynningar

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar og einnig í byrjun vorannar.

Yfirleitt hefur verið stuðningur fyrir kennara í Moodle í upphafi anna. Það var ekki á skólaárinu. Þörf er á námskeiðum eða vinnustofum í Moodle, má þar vísa til niðurstaðna úr könnun sem gerð var á Moodle-notkun kennara. Finna þarf þessum námskeiðum tíma innan dagvinnuramma.

RGB/HH/KR